

**Fundur hússtjórnar Þjóðveldisbæjarins,
haldinn á TEAMS föstudaginn 28. febrúar 2025, kl. 11:00**

Mætt voru: Guðmundur Finnbogason, Bjarni Hlynur Ásbjörnsson, Harpa Þórsdóttir og Vilhelmína Jónsdóttir sem jafnframt ritar fundargerð þessa.

1. Samningur um bókhald

Formaður lagði fram undirritaðan þjónustusamning við Skeiða- og Gnúpverjahrepp um færslu bókhalds fyrir Þjóðveldisbæinn, dags. 20. febrúar 2025. Stjórn hafði áður samþykkt samninginn í tölvupósti og veitt formanni heimild til að undirrita samninginn. Formaður hefur þegar sent stjórn undirritað eintak samningsins í tölvupósti.

Frá og með 1. mars 2025 mun Skeiða- og Gnúpverjahreppur sjá um færslu bókhalds fyrir Þjóðveldisbæinn.

2. Bókhald – samþykkt reikninga

Rætt um fyrirkomulag við samþykkt reikninga.

GF hefur þegar veitt starfsmanni sveitarfélags aðgang að reikningum í heimabanka félagsins og sveitarstjóra skoðunaraðgang að reikningum.

Stjórn samþykkir einróma það fyrirkomulag að formaður stjórnar, Guðmundur Finnbogason, muni fyrir hönd hússtjórnar samþykkja reikninga og greiðslur.

3. Ársskýrsla 2024

Fyrir fund hafði formaður sent stjórn drög að ársskýrslu. VJ hafði fyrir fundinn sent yfirlestið eintak með tillögum að breytingum.

Umræður fóru fram um efni skýrslunnar og frágang hennar. Stjórn sammála um að góð og falleg skýrslu styðji við starfsemi Þjóðveldisbæjarins og framtíðarverkefni og sé til þess fallið að vekja áhuga á bænum og starfseminni, m.a. í aðdraganda 50 ára afmælis.

Stjórn sammála um að gefa sér 7-10 daga til yfirlestrar. Þegar textinn er orðinn endanlegur tekur BHÁ að sér að setja upp skýrsluna með nokkrum myndum. HP mun senda BHÁ myndir sem hún hefur tekið saman úr safni Þjóðminjasafnsins og tengjast þjóðveldisbænum.

4. Tímasetning aðalfundar

Tímasetning aðalfundar rædd. Samþykkt að boða aðalfund mánudaginn 31. mars nk. og halda hann í Reykjavík, annað hvort í húsnaði ráðuneytisins eða hjá Landsvirkjun.

Rætt um að stjórn fundi á vormánuðum í Þjórsárdal þegar Unnsteinn hefur hafið viðhaldsvinnu. Tilvalið á þeim tímapunkti að skoða bæinn og ástandið og sjá framkvæmdir við viðhald.

5. Ársreikningur 2024

GF fór yfir drög að ársreikning sem hann hafði sent í tölvupósti á hússtjórn fyrir fund.

Umræður fóru fram, engar sérstakar athugasemdir gerðar.

Stjórn mun yfirfara reikninginn og GF senda í rafræna undirritun í kjölfarið.

6. Rotþró

GF tók til umræðu fyrirhugaðar framkvæmdir við rotþró á þjónustulóð sveitarfélagsins við Þjóðveldisbæinn.

Fyrir hefur legið að koma þyrfti fyrir rotþró á lóðinni fyrir fyrirhugað þjónustuhús rekstraraðila. Er það nauðsynlegur hluti af innviðum til að vera megi með eðlilega starfsemi í bænum.

Eftir stofnun lóða og uppskiptingu er umrædd lóð á forræði sveitarfélagsins og því var það sameiginlegur skilningur sveitarfélags og hússtjórnar að rotþróarmálin væru að sama skapi á forræði sveitarfélagsins. Sveitarfélagið gerði lóðarleigusamning við rekstraraðila (sem eru með samning um leigu Þjóðveldisbæjarins) og gerði ráð fyrir í þeim samningi að leigjendur myndu sjálfir annast kostnað við rotþróna. Þetta kom flatt upp á rekstraraðila sem töldu sig ekki eiga að bera þennan kostnað.

Til að miðla málum milli aðila í þessu hefur oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps lagt það til að 2 m.kr. framlag sveitarfélagsins til Þjóðveldisbæjarins í ár verði nýtt í kostnað vegna rotþróar og að sveitarfélagið muni annast þá framkvæmd.

Umræður fóru fram. Stjórn sammála um að miðla málum með þessum hætti að þessu sinni. BHÁ falið að koma þeim skilaboðum á framfæri við oddvita Skeiða- og Gnúpverjahrepps. BHÁ einnig falið að ákveða í samráði við oddvita með hvaða hætti þetta verður gert fjárhagslega. Stjórn sammála að líklegast sé einfaldast að framlagið verði ekki greitt í ár til Þjóðveldisbæjarins heldur bókað um að fari í þessa tilteknu framkvæmd. Stjórn leggur áherslu á að þátttaka Þjóðveldisbæjarins í kostnaði vegna þessa verkefnis verði ekki umfram 2 m.kr. framlag sveitarfélagsins í ár enda umrædd lóð á forræði sveitarfélags.

7. Önnur mál

Umræður fóru fram um innviðamál. Nú í vor, þegar rotþró verður komin og heimtaug, telur hússtjórn að innviðamál á svæðinu séu komin í mjög gott horf. Engir vankantar ættu því að vera á rekstri og starfsemi rekstraraðila á svæðinu. Væntingar hússtjórnar standa jafnframt til þess að leigugjald frá rekstraraðilum muni hækka. Hússtjórn fær þá enn frekara tækifæri til að einbeita sér að nauðsynlegum viðhaldsverkefnum á bænum sjálfum.

GF ræðir einnig ástand á þjónustuhúsi við Þjóðveldisbæinn, þar sem loftræsikerfi og salerni eru. Ekki sé gert ráð fyrir viðhaldið á loftræsikerfi og þessu húsi í áætlunum stjórnar. Athuga þarf hvort og hvaða nauðsyn er á viðhaldi hússins m.a. vegna rakaskemmda sem og loftræsikerfi.

Fleira ekki gert. Fundi lokið kl. 11:55.